Miðvikudaginn 20. nóv. 1935.

Nr. 103/1935. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Ólafi Gunnari Ólafssyni
(Lárus Jóhannesson).

Brot á áfengislögum og bifreiðalögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 25. júní 1935: Kærður Ólafur Gunnar Ólafsson, greiði 150 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi i 12 daga.

Kærður skal sviftur rétti til að stjórna bifreið æfilangt.

Loks greiði kærði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Kærði, Ólafur Gunnar Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæsta-

réttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Gunnari Ólafssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis Brekkustíg 7 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70, 1931 og áfengislögum nr. 33, 1935.

Málavextir eru þeir er hér greinir.

Aðfaranótt hins 17. þ. m. nokkru eftir kl. 2, rákust á bifreiðarnar R. E. 880 og R. E. 967 á gatnamótum Grjótagötu og Garðastrætis. Varð það með þeim hætti að R. E. 967 ekur upp Grjótagötu og beygir suður í Garðastræti. Í sama bili ekur R. E. 880 norður Garðastræti um miðja götu. Við það að R. E. 967 tekur ekki nægjanlega krappa beygju fyrir hornið rekst hún á R. E. 880 framarlega á miðju og skemmdust báðar bifreiðarnar töluvert.

Bifreiðinni R. E. 967 stjórnaði kærður í þessu máli og hefir hann viðurkennt að hafa neytt áfengis nokkru áður en hann fór í umræddan ökutúr. Átti hann heilflösku af brennivíni og hafði drukkið úr henni þó nokkuð niður fyrir axlir. Bifreiðinni hafði hann ekið frá bifreiðarstöðinni Bifröst við Hverfisgötu og var á leið vestur á Holtsgötu, til að sækja mann, sem hann ætlaði með austur í Hreppa þá um nóttina.

Kl. 4,40 um nóttina var blóð tekið úr kærðum og rannsakað að tilhlutun lögreglunnar. Reyndist það að innihalda 2,5‰ alkóhól. Kærður hefir samt neitað því að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn heldur aðeins verið mjög þreyttur. Lögregluþjónar þeir er rannsökuðu árekstur inn um nóttina hafa hinsvegar báðir borið fyrir rétti að kærður hafi sýnilega verið undir áhrifum áfengis, en þó hafi þess lítið gætt.

Kærður hefir áður svo kunnugt sé sætt eftirtöldum refsingum:

1930 2. jan. sætt 10 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
1932 12. sept. Áminning fyrir ölvun.
1934 3. apríl. Áminning fyrir að bifreið hans sletti á vegfaranda.
1934 12. apríl. Sætt 40 kr. sekt fyrir að aka leigubifreið til mannflutninga, en hafa aðeins minna próf.
1934 16. júlí. Sætt 30 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.
1934 23. júlí. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 200 kr. sekt og sviftur ökuleyfi í 6 mánuði.
1934 28. ágúst. Sætt 200 kr. sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörslu.
1934 9 nóv. Sætt 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Samkvæmt framangreindu verður að telja kærðan hafa orðið sekan við 5. gr. 3. mgr. sbr. 14. gr. bifreiðalaga nr. 70, 1935 og 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33, 1935. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 150 króna sekt til ríkissjóðs er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 12 daga.

Svo ber og að dæma kærðan til að hafa fyrirgert réttindum til bifreiðarstjórnar æfilangt.

Loks greiði kærður kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 20. nóv. 1935.

Nr. 108/1035. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Ingimundi Bernharðssyni
(Lárus Jóhannesson).

Brot gegn 1. gr. gjaldþrotalaganna.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 29. dez. 1934: Kærður Ingimundur Bernharðsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sekt-